

20. janúar 2026


OPINBER ÚTBOÐ ÁÆTLUÐ 221 MILLJARÐUR KRÓNA

Áætluð heildarfjárhæð í fyrirhuguðum verklegum útboðum þeirra 11 opinberu verkkaupa sem taka þátt í Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins (SI), Samtaka innviðaverktaka og Mannvirkis – félags verktaka árið 2026 nemur 221 milljarði króna. Þetta er 53% eða 76 milljarða króna aukning frá þeim útboðum sem raungerðust árið 2025 en þau námu 145 milljörðum króna. Skýrist það nær alfarið af auknum fyrirhuguðum útboðum Landsvirkjunar, Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna (FSRE) og Nýs Landspítala (NLSH).

Umfangsmest eru fyrirhuguð útboð Landsvirkjunar sem eru áætluð 70 milljarðar króna á árinu sem nemur tæplega þriðjung af öllum fyrirhuguðum útboðum þeirra sem taka þátt í Útboðsþingi SI í ár. Aðrir sem boða umfangsmikil útboð árinu eru NLSH með 41 milljarð króna og FSRE með 35,7 milljarða króna. Samanlagt eru þessir þrír opinberu aðilar með boðuð verkútboð fyrir 146,7 milljarða króna árið 2026 eða um 66% af fyrirhuguðum útboðum ársins. Aðrir þátttakendur þingsins fyrirhuga að bjóða út verk á árinu fyrir minna en 15 milljarða króna hver.


Áætluð verkútboð 2026

Hlutfall af heild




Útboð verklegra framkvæmda

Í milljörðum króna



Fjárfesting í verklegum framkvæmdum

Í milljörðum króna



Á Útboðsþingi 2025 voru kynnt áform tíu opinberra aðila um fyrirhuguð útboð fyrir 264,2 milljarða króna á því ári, en að árinu loknu höfðu aðeins útboð fyrir 145 milljarða króna raungerst. Útboð síðasta árs voru því um 119 milljörðum minni en boðað var. Mestur munur var á fyrirhuguðum útboðum og raunútboðum hjá Landsvirkjun eða 68 milljarðar króna. Sá munur skýrir um 57% af fjárhæð þeirra fyrirhuguðu útboða sem ekki raungerðust á árinu.

Rétt er að árétta að þær áætlanir um útboð sem kynntar eru á Útboðsþingi SI eru ekki fastar í hendi og ber því að taka þeim með fyrirvara. Þá er einnig rétt að taka fram að verkefni sem fara í útboð á árinu geta komið til framkvæmda á næstu árum.


Áætlað er að opinberir aðilar fjárfesti fyrir 226,2 milljarða króna á þessu ári, sem er umtalsvert meira en á síðasta ári eða um 59 milljörðum meira. Líkt og með fyrirhuguð útboð þarf að hafa í huga að ekki verður úr öllum fjárfestingum sem fyrirhugaðar eru á árinu. Þannig áætluðu sömu aðilar, samkvæmt Útboðsþingi 2025, að fjárfesta fyrir um 180,3 milljarða króna, en ný gögn sýna að fjárfesting þess árs nam í raun 167,4 milljörðum króna, sem er um 7% undir áætlunum.

Fjárfestingar þeirra opinberu aðila sem þátt taka í útboðsþingi eru umfangsmikill hluti af starfsemi byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar. Heildarveltan í greininni er áætluð 679 milljarðar króna á síðasta ári og því voru þessar framkvæmdir 25% veltunnar. Samdráttur hefur mælst í heildarveltu greinarinnar undanfarið og því er sá vöxtur sem nú sést bæði í fjárfestingum og útboðum að skapa kærkomið mótvægi við samdrátt sem greina má í öðrum þáttum starfsemi greinarinnar og þá sérstaklega íbúðabyggingum. Einnig er þessi aukning jákvæð í ljósi þess að innviðaskuldin er mikil og því mikil þörf fyrir aukna fjárfestingu á þessu sviði.

UMFANGSMIKIL ÚTBOÐ FYRIRHUGUÐ Á ÁRINU

Umfangsmestu útboð þessa árs boða Landsvirkjun, NLSH og FSRE. Landsvirkjun fyrirhugar að bjóða út verk fyrir 70 milljarða króna en á síðasta ári námu raunútboð Landsvirkjunar 24 milljörðum. Í upphafi árs 2025 áætlaði Landsvirkjun að bjóða út verk að upphæð 92 milljörðum en vegna tafa á leyfisveitingum framkvæmda raungerðist ekki nema hluti fyrirhugaðra útboða. NLSH stefnir á að bjóða út verk fyrir 41 milljarð króna á árinu sem er álíka mikið og fyrirhugað var að bjóða út á síðasta ári en útboð fyrir 27 milljarða raungerðust það ár. Verkefni til útboðs á vegum NLSH eru m.a. þakfrágangur og innri frágangur rannsóknahúss, gatna-, veitna- og lóðagerð við Hringbraut og jarðvinna, bílastæði, gatnagerð og bygging húsnæðis við Sjúkrahús Akureyrar. FSRE áformar útboð fyrir 35,7 milljarða króna á árinu sem er nokkuð minna en stefnt var að á síðasta ári þegar fyrirhugað var að bjóða út verk fyrir 50,2 milljarða. Á síðasta ári raungerðust útboð að fjárhæð 23,1 milljarði króna.

Fyrirhuguð útboð verklegra framkvæmda
Í milljörðum króna



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) kynna áform fyrir Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Samtals stefna sveitarfélögin á að bjóða út verk að fjárhæð 13,5 milljörðum króna á árinu sem er um 4 milljörðum minna en boðið var út á síðasta ári. Sveitarfélögin hyggjast m.a. bjóða út uppbyggingu nýrrar slökkvistöðvar í Tónahvarfi. Reykjavíkurborg boðar sömuleiðis útboð fyrir 13,5 milljarða króna á árinu. Á síðasta ári raungerðust útboð að fjárhæð 14,3 milljarða króna en áætlanir gerðu ráð fyrir útboðum fyrir 11,9 milljarða.


Vegagerðin áætlað að bjóða út fyrir 12,9 milljarða á árinu og Betri samgöngur 6,2 milljarða. Raunútboð Vegagerðarinnar árið 2025 námu 10,7 milljörðum en áætlanir í upphafi þess árs gerðu ráð fyrir 17 milljörðum. Betri samgöngur buðu út verk sem námu 8,2 milljörðum á síðasta ári sem er á pari við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Meðal útboðsverkefna í vegagerð á þessu ári má nefna Vestfjarðarveg um Gufudalssveit, Snæfellsnesveg og Stykkishólmsveg. Á Norðursvæði er endurbygging Skagavegar fyrirhuguð, bygging brúar yfir Rangá og tveggja brúa yfir Skjálfandafliót. Á Austursvæði snúa helstu útboðsverkefni að endurbyggingu á Jökuldalsvegi, hringvegi um Krossá í Berufirði og Stokksnesvegi. Á Suðursvæði má nefna Búðafossveg, Laugarvatnsveg og Þorlákshafnarveg. Þá er sömuleiðis fyrirhugað að bjóða út fjölda annarra viðhaldsverkefna á árinu. Meðal útboðsverkefna Betri samgangna á árinu eru verk sem eru hluti af Borgarlínu en þar má nefna götutengingar við Fossvogsbrú, brúarframkvæmd við Ártúnshöfða og gatnagerð við Nauthólsveg. Einnig verður farið í útboð vegna hjóla- og göngustíga víða á höfuðborgarsvæðinu.

ISAVIA boða talsverða aukningu í útboðum á árinu en áætlað er að bjóða út verk fyrir 12,8 milljarða samanborið við 1,4 milljarða á síðasta ári. Þá raungerðust aðeins útboð að fjárhæð 510 milljónum króna á síðasta ári. Meðal helstu útboðsverkefna ISAVIA á árinu má nefna uppsetningu á bráðabirgða landgangi á milli norður og suðurbyggingar, malbikun og yfirsprautun á flugbraut og endurnýjun aðflugsljósa.

Landsnet áætlað að bjóða út verk fyrir 7,1 milljarð króna á árinu sem er samdráttur frá fyrirhuguðum útboðum síðasta árs þegar áætlanir gerðu ráð fyrir 11,4 milljörðum króna en þá raungerðust útboð að fjárhæð 7,2 milljörðum króna. Meðal verkefna sem Landsnet hyggst bjóða út árinu er vinna við byggingu loftlína milli Hamraness og ÍSAL, jarðstrengur milli Hveragerðis og Þorlákshafnar og stækkun tengivirkis og loftlínubreytingar á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Veitur fyrirhuga útboð fyrir 6,5 milljarða króna á árinu sem er samdráttur frá þeim útboðum sem boðuð voru og raungerðust á árinu 2025. Þá voru boðin út verk fyrir 11,9 milljarða króna. Rarik boðu út verk fyrir tæplega 900 milljónir á síðasta ári en stefna nú á útboð að fjárhæð 2,2 milljörðum á þessu ári.

Fyrirhuguð útboð og raunútboð verklegra framkvæmda 2025

Í milljörðum króna



STÓRT ÁR FRAMUNDAN Í OPINBERUM INNVIÐAFRAMKVÆMDUM


Vegagerðin boðar umfangsmestu innviðaframkvæmdirnar á þessu ári. Áætlanir gera ráð fyrir framkvæmt verði fyrir 38,2 milljarða króna á árinu. Það er ríflega 12 milljörðum meira en áætlanir fyrir síðasta ár gerðu ráð fyrir en innviðaframkvæmdir þess árs námu í raun 32,2 milljörðum króna.

FSRE stefna á að framkvæma fyrir 33,5 milljarða króna á árinu sem er talsverð aukning frá fyrra ári. Þá voru fyrirhugaðar innviðaframkvæmdir að fjárhæð 17,5 milljarða króna.

Landsvirkjun boðar sömuleiðis aukningu í framkvæmdum á milli ára og áætlað að þær muni nema 29 milljörðum króna á þessu ári. Til samanburðar námu áætlaðar innviðaframkvæmdir Landsvirkjunar 25 milljörðum króna í fyrra en aðeins 15 milljarðar af þeirri fjárhæð raungerðust.

Áætluð fjárfesting í verklegum framkvæmdum

Í milljörðum króna




SSH áætla innviðaframkvæmdir fyrir 28 milljarða króna á árinu sem er álíka mikið og boðað var fyrir síðasta ár. Framkvæmdir síðasta árs námu 27,3 milljörðum króna. Til viðbótar áætla Reykjavíkurborg framkvæmdir í ár fyrir 22,1 milljarð króna samanborið við 20,4 milljarða króna fjárfestingu í innviðum í fyrra.

NLSH boðar innviðaframkvæmdir að fjárhæð 24,5 milljörðum króna á árinu en síðasta árs framkvæmdir námu 16 milljörðum króna. Þá boða Veitur framkvæmdir fyrir 20,9 milljarða króna á árinu en áætlanir síðasta árs gerðu ráð fyrir framkvæmdum fyrir 19,6 milljörðum. 17,3 milljarða króna framkvæmdir raungerðust á því ári.

Aðrir opinberir aðilar hyggja á framkvæmdir fyrir minna en 20 milljarða á árinu. Landsnet boðar framkvæmdir fyrir 13,9 milljarða, Betri samgöngur 6,7 milljarða, ISAVIA 4,8 milljarða og Rarik boðar framkvæmdir fyrir 4,6 milljarða króna.

Áætluð fjárfesting og raunfjárfesting í verklegum framkvæmdum 2025

Í milljörðum króna



	Útboð, ma.kr. á verðlagi hvers árs						
	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024	Raun 2024	Áætlun 2025	Raun 2025	Áætlun 2026
Landsvirkjun	46,0	0,5	100,0	38,0	92,0	24,0	70,0
FSRE	35,1	1,9	11,0	10,3	48,0	23,1	35,7
NLSH	16,0	14,0	21,5	20,2	42,5	27,0	41,0
SSH	13,4	16,6	13,5	12,1	17,8	17,3	13,5
Vegagerðin	35,0	30,0	25,0	22,8	17,0	10,7	12,9
Reykjavík	9,1	8,5	8,0	6,9	11,9	14,3	13,5
Veitur	-	-	0,0	9,0	11,8	11,9	6,5
Landsnet	13,4	9,5	17,3	15,2	11,4	7,2	7,1
Betri samgöngur	-	-	-	-	8,2	8,2	6,2
ISAVIA	5,0	6,7	6,7	0,0	1,4	0,5	12,8
RARIK	-	-	-	-	-	0,9	2,2
Samtals	173,0	87,7	203,0	134,5	260,8	145,0	221,3

	Framkvæmdir, ma.kr. á verðlagi hvers árs						
	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024	Raun 2024	Áætlun 2025	Raun 2025	Áætlun 2026
Landsvirkjun	7,2	6,2	7,0	8,0	25,0	15,0	29,0
FSRE	-	11,0	10,1	12,0	17,5	18,3	33,5
NLSH	20,0	13,0	23,0	18,2	21,9	16,0	24,5
SSH	24,5	22,4	27,2	25,9	29,3	27,3	28,0
Vegagerðin	23,0	30,6	32,0	29,6	26,0	32,2	38,2
Reykjavík	18,9	19,7	18,7	15,7	18,1	20,4	22,1
Veitur	15,5	14,5	18,1	16,7	19,6	17,3	20,9
Landsnet	11,0	6,7	17,5	10,0	17,0	13,0	13,9
ISAVIA	10,8	13,7	15,3	11,0	5,1	4,2	4,8
Betri samgöngur	-	-	-	-	-	1,0	6,7
RARIK	-	-	-	-	-	2,9	4,6
Samtals	130,9	137,8	168,8	147,1	179,5	167,4	226,2